



Samþætting skólastarfs við íþróttá- og tómsundastarf

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12

230 Reykjanesbær

Sími 421 6700

reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

reykjanesbaer.is



Inngangur

Á 331. fundi fræðsluráðs og 138. fundi íþróttá- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar var samþykkt að skipa starfshóp til að skoða samþættingu skólastarfs við íþróttá- og tómstundastarf. Undirrituð voru valin af Helga Arnarsyni sviðsstjóra fræðslusviðs Reykjanesbæjar til að vinna verkið.

Í stefnumótun Reykjanesbæjar 2020-2030 er kveðið skýrt á um að börnin séu mikilvægust. Að þau séu studd til að blómstra í fjölskyldunni, skólum, íþróttum og tómstundum. Auk þess hefur Reykjanesbær sett sér markmið að til og með 2021 verði skólastarf barna í 1. – 4. bekk samþætt við íþróttir og tómstundir til að skapa fleiri tækifæri til samvista fjölskyldna og auka þátttöku barna í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi.

Verkefni starfshópsins var að gera stöðumat á starfsemi frístundaheimila og hvernig samþættingu sé háttáð við íþróttá- og tómstundastarf. Benda á mögulegar leiðir til að samþættingin verði betri ásamt því að stuðla að aukinni þátttöku barna í frístundaheimilum og íþróttum og tómstundum. Að auki átti starfshópurinn að gera kostnaðaráætlun um væntanlegan kostnað vegna aukinnar þjónustu í frístundaheimilum í Reykjanesbæ.

Leitað var eftir upplýsingum frá félagi íþróttá- og tómstundafulltrúa á Íslandi, forstöðumönnum frístundaheimila í Reykjanesbæ, íþróttá- og tómstundahreyfingunni í Reykjanesbæ, Sigurði Inga Kristóferssyni deildarstjóra umhverfismála hjá umhverfis- og skipulagssviði og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Anna Hulda Einarsdóttir

Hafþór Birgisson

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

Haraldur Axel Einarsson

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími 421 6700
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

reykjanesbaer.is



Frístundaheimili í Reykjavíkur

Frístundaheimili eru í öllum grunnskólum Reykjavíkur og þar er dagskrá fyrir börn í 1. – 4. bekk frá því að skóla lýkur og til kl. 16.15.

Alþingi samþykkti 16. júní 2016 breytingar á lögum um grunnskóla nr. 91/2008 á þann hátt að á eftir 33. gr. laganna kemur ný grein, 33.gr.a um frístundaheimili, sem orðast svo:

„Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálstan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins. Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi.“

Það eru um það bil 330 börn í frístundaheimilum í Reykjavíkur í hverjum mánuði.

TÖLFRÆÐI NEMENDA

Skóli	Fjöldi nemenda	Drengir	Stúlkur		1. bekkur	2	3	4
Akurskóli - Akurskjól	66	23	43	Akurskóli	27	42	37	28
Háaleitisskóli - Krakkaheimar	24	13	11	Háaleitisskóli	22	22	32	30
Heiðarskóli - frístund	41	22	19	Heiðarskóli	31	37	52	43
Holtaskóli - frístund	49	27	22	Holtaskóli	35	21	41	47
Myllubakkaskóli - frístund	63	27	36	Myllubakkaskóli	34	46	33	38
Njarðvíkurskóli - frístund	26	11	15	Njarðvíkurskóli	38	29	57	49
Stapaskóli - Stapaskjól	51	22	29	Stapaskóli	26	26	34	24
Ösp - Njarðvíkurskóli	11	9	2					
Samtals	331	154	177	Alls	213	223	286	259

Mynd: Skipting nemenda eftir skólum í nóvember 2019

Mynd: Fjöldi nemenda eftir skólum í nóvember 2019

Miklar framfarir hafa orðið á undanförunum árum í starfsemi frístundaheimilanna m.a. í krafti lagasetningarinnar árið 2016 og ráðninga forstöðumanna á öll frístundaheimilin þar sem gerðar voru kröfur um háskólapróf á uppeldissviði, s.s. tómsunda- og félagsmálafræði eða sambærileg menntun.

Ráðhús Reykjavíkur

Tjarnargata 12
230 Reykjavíkur

Sími 421 6700

reykjavnesbaer@reykjavnesbaer.is

reykjavnesbaer.is



BÖRNIN MIKILVÆGUST

Styðjum börn svo þau blómstri í fjölskyldunni, skólum, íþróttum og tómstundum til að auka kraft samfélagsins.

Aukin þátttaka barna og ungmenna í íþróttá- og tómstundastarfi.

Samkvæmt rannsóknum sem gerðar hafa verið á þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi kemur fram að þátttaka barna í Reykjanesebæ er mun minni en í sambærilegum

sveitarfélögum. Sú staðreynd helgast m.a. af því að akstur barna í íþróttá- og tómstundastarf í samanburðar sveitarfélögum fer fram í samvinnu við frístundaheimilin og íþróttá- og tómstundahreyfinguna. Starfshópurinn telur þar af leiðandi að frístundaakstur sé lykilatriði til þess að auka þátttökuna.

Frístundaakstur

Stærri sveitarfélög bjóða upp á frístundaakstur sem er ótengdur hinu hefðbundna samgöngukerfi. Slíkt var í boði í Reykjanesebæ fyrir u.þ.b. fimmtán árum og var reynslan mjög góð af því fyrirkomulagi. Forstöðumenn frístundaheimilanna telja að þeirra starfsmenn séu nú þegar að miklu leiti að sinna því verkefni að undirbúa börnin fyrir íþróttáæfingar. Það er mat þeirra að mikilvægt sé að starfsmaður frístundaheimilis fylgi börnum í frístundaaksturinn og inn í anddyri þar sem þjálfarinn/leiðtoginn tekur við til að tryggja að þau skili sér á æfingar. Þessi viðbót getur kallað á fjölgun starfsmanna á frístundaheimilin en það fer eftir fjölda barna og útfærslu á akstrinum. Foreldrar eða forráðamenn sinna akstrinum eins og staðan er í dag.

Núverandi staða

Samkvæmt upplýsingum frá íþróttahreyfingunni fer meirihluti æfinga fyrir börn í 1.- 4. bekk fram á vinnutíma foreldra þ.e. fyrir kl. 17.00 á daginn. Þar af leiðandi eru það annað hvort foreldrar sem þurfa að fara úr vinnu til að sækja börnin sín og skutla þeim á æfingar eða nýta leiðarkerfi strætó þar sem því er við komið. Það sem stendur íþróttá- og tómstundahreyfingunni fyrir þrifum til að geta fjölgað æfingum á umræddum tíma er skortur á þjálfurum og leiðtogum sem geta sinnt þjálfun því þeir eru bundnir í annarri vinnu eða námi. Alls starfa 18 þjálfarar hjá Njarðvík 4 starfa

Ráðhús Reykjanesebæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanesebær

Sími 421 6700

reykjanesebaer@reykjanesebaer.is

reykjanesebaer.is



sem kennarar og 4 annarsstaðar hjá Reykjavæis. Alls starfa 45 þjálfarar hjá Keflavík þar af 11 sem kennarar og 3 annars staðar hjá Reykjavæis.

Starfshópurinn skoðaði hvernig fyrirkomulagi sé háttað í öðrum sveitarfélögum um hvort að kennarar og aðrir starfsmenn hjá sveitarfélaginu fái sveigjanleika til að sinna sínum hefðbundnu störfum eftir að vinnuskyldu lýkur og þjálfarar á umræddum tíma og niðurstaðan var að um helmingur sveitarfélaganna kannast við slíkt samkomulag og hinn helmingurinn bannar slíkt alveg. Ekkert sveitarfélag er með skriflegar reglur hvað þetta varðar.

Tillögur starfshóps:

Tillaga 1 - Frístundabíll

Að börn á frístundaheimilum í 1.- 4.bekk hafi tækifæri til að nýta sér akstur í íþróttir/tómstundir. Sett verði viðmið um fjarlægðir t.d. að innan 1 km rásar teljist í göngufæri. Lagt er til að í þeim tilfellum verði börnum fylgt af starfsmanni frístundaheimilis. Lagt er til að aksturinn sé innifalinn í gjaldi frístundaheimila. Lagt er til að foreldrar barna sem ekki eru skráð á frístundaheimili geti nýtt sér aksturinn gegn gjaldi.

Gera má ráð fyrir að það þurfi þrjú strætisvagna/bíla til að byrja með. Áætlaður kostnaður við aksturinn getur verið um 19 milljónir (samkvæmt núverandi útboði á leiðarkerfi innanbæjarstrætó Reykjavæis kostar að keyra eina leið einn hring 5.000 kr. Miðað er við 7 ferðir á dag fyrir 3 bíla í 180 skóladaga).

Skoða þarf starfsmannþörf frístundaheimilanna með tilliti til fjölda barna sem nýta þjónustuna og útfærslu akstursins. Ef miðað er við einn starfsmann í hvern bíl getur kostnaðurinn verið um 350.000 kr á mánuði eða um 4,2 milljónir á ári.

Með því að hafa aksturinn innifalinn í gjaldi frístundaheimila verður til hvati fyrir foreldra til að skrá börn sín á frístundaheimili.

Ráðhús Reykjavæis

Tjarnargata 12
230 Reykjavæis

Sími 421 6700

reykjavæis@reykjavæis.is

reykjavæis.is



Starfshópurinn vill benda á leið Garðabæjar (<https://www.gardabaer.is/ibuar/ithrotta-og-tomstundastarf/fristundabill/>) þar sem gjald er innheimt í frístundabíllinn fyrir þau börn sem ekki eru skráð á frístundaheimili. Í Garðabæ eru fjórir vagnar og er gjald fyrir skólaárið 15.000 kr. en ef greitt er fyrir staka önn er gjald fyrir haustönn 8.000 kr. og fyrir vorönn 10.000 kr.

Tillaga 2 – Markvissar kynningar á íþróttagreinum

Lagt er til að íþróttastjórar félaganna beri ábyrgð á að helstu íþróttagreinar verði kynntar með reglubundnum hætti á frístundaheimilum.

Þjálfarar myndu fara á milli skóla með það verkefni að kynna ólíkar íþróttagreinar á frístundaheimilum í þeim tilgangi að fjölga iðkendum. Börnin myndu fá kynningu á íþróttunum og fá að spreyta sig verklega.

Tillaga 3 – Ein íþrótt innifalin í frístundagjaldi

Að farið verði í samstarf við íþróttahreyfinguna um að börn í 1. og 2. bekk fái að æfa eina íþrótt ef þau eru skráð á frístundaheimili.

Foreldrar greiða fyrir dvöl á frístundaheimili en ekki er innheimt gjald fyrir eina íþrótt. Gera má ráð fyrir að hægt verði að semja um gjald að upphæð 40.000 kr. sem íþróttafélögin myndu fá greitt í tvennu lagi um áramót og í maí ár hvert. Reykjanesbær myndi semja um æfingagjöld við íþróttafélögin þar sem um samstarfsverkefni væri að ræða og gera má ráð fyrir að iðkendum félaganna fjölgi í kjölfarið. Kostnaður á ári miðað fjölda barna á núverandi skólaári á frístundaheimilum í 1. og 2. bekk og ef allir myndu stunda íþrótt er u.þ.b. 12.000.000 kr. Ef öll börn í 1. og 2. í Reykjanesbæ nýttu sér þetta úrræði væri kostnaðurinn að hámarki 17,5 milljónir á ári miðað við núverandi fjölda.

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími 421 6700

reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

reykjanesbaer.is



Tillaga 4 - Ólíkir skráningarmöguleikar

Að bjóða upp á ólíka möguleika við skráningu á frístundaheimili. Þeir möguleikar gætu meðal annars verið eftirfarandi:

Frístundaheimili

Ég skrái barnið mitt á frístundaheimili.

Frístundaheimili, íþrótt/tómstund og frístundabíll

Ég skrái barnið mitt í frístundaheimili og vil að það æfi eina íþrótt/taki þátt í einni tómstundagrein og fái akstur frístundabíls. (Svo kæmu valmöguleikar íþrótt- og tómstundagreina í kjölfarið)

Frístundabíll í íþrótt/tómstund

Ég skrái barnið mitt í akstur frístundabíls í íþrótt sína/tómstundagrein. (Svo kæmu valmöguleikar íþrótt- og tómstundagreina í kjölfarið)

Fyrst um sinn leggur starfshópurinn ekki til að gerðar verði breytingar á íþrótt- og tómstundaæfingum barna og ungmenna enda margar æfingar sem fara fram nú þegar á vinnutíma frístundaheimila. Þó er hreyfingin hvött til að kanna möguleikann hjá sér til að flýta æfingum til að börnin geti verið búin með sínar æfingar fyrir kl 17.00 á daginn. Börn sem eru á æfingum sem ljúka eftir kl 16.00 þurfa foreldrar að sækja sjálfir á þann stað sem íþróttæfingin fer fram.

Kostnaðaráætlun

Akstur þrjár rútur	kr. 19.000.000 -
Starfsmenn á frístundaheimilin	kr. 4.200.000 -
Niðurgreiðsla íþróttæfinga fyrir 1. - 2.bekk	Að hámarki kr. 17.500.000.-

Ráðhús Reykjanessbæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanessbær

Sími 421 6700
reykjanessaer@reykjanessaer.is

reykjanessaer.is